**USK Skipulag**

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Mínar síður - Reykjavíkurborg <minarsidur-noreply@reykjavik.is> |
| **Sent:** | mánudagur, 19. desember 2022 17:43 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Efni:** | Ný umsókn - Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa |
| **Viðhengi:** | 2203-DSK Berst.str.reitur 1.184.0 (011222).pdf; 2203-HÃ¦Ã°abl Bergst.str.reitur.pdf; 2203-Loftmynd BergstaÃ°str.reitur 1.184.0.png; 2203-Minnisbl. DSK Berst.str.reitur 1.184.0 (011222).pdf; 2203-MÃ¦libl SpÃtalst. 4-4b.pdf; 2203-MÃ¦libl SpÃtalst. 6-6b.pdf; Utfyllt umsokn - PDF.pdf |
| **Eftirfylgniflagg:** | Fylgja eftir |
| **Flaggstaða:** | Flaggað |

# Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa

## 1 Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda: **Baldur Ó. Svavarsson**

Kennitala umsækjanda: [redacted]

Heimilisfang umsækjanda: **Hlíðarbyggð 14**

Póstnúmer umsækjanda: **210 Garðabæ**

Símanúmer umsækjanda: [redacted]

Netfang umsækjanda: **baldur@ui.is**

Er um fjöleignarhús að ræða?: **Nei**

Veldu annað hvort: **Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsækjandi er: **Í umboði eiganda**

## 2 Greiðandi

Nafn greiðanda: **Úti og Inni sf. arkitektar**

Kennitala greiðanda: **4302891529**

Netfang greiðanda: **ui@ui.is**

## 3 Svæði og deiliskipulag

Heimilisfang / lóðaheiti: **Bergstaðastrætisreitur 1.184.0**

Umsækjandi: **Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag**

## 4 Erindið

Erindið fjallar um: **Breytingu á deiliskipulagi**

Stutt lýsing á erindi: **Breyting er lítilsháttar og nær til lóðanna við Spítalstíg nr. 4 og 6 og nýrrar lóðar inn á reitnum nr. 4b og 6b. Sami eigandi er að öllum lóðunum**

Hefur verið haft samband við veitufyrirtæki?: **Nei**

## 5 Fylgigögn

Uppdrættir: **2203-DSK Berst.str.reitur 1.184.0 (011222).pdf**

Bréf til umsækjanda/hönnuðar: **2203-Minnisbl. DSK Berst.str.reitur 1.184.0 (011222).pdf**

Mæliblað: **2203-Mælibl Spítalst. 4-4b.pdf,2203-Mælibl Spítalst. 6-6b.pdf**

Hæðarblað: **2203-Hæðabl Bergst.str.reitur.pdf**

Loftmynd: **2203-Loftmynd Bergstaðstr.reitur 1.184.0.png**

**TIL:** Skipulagssvið Reykjavíkurborgar

**DAGS:** 01.12.2022

ÚTI INNI
ARKITEKTAR
BALDUR Ó SVAVARSSON ARKITEKT FAÍ
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKT FAÍ
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 7660 & 562 7660 FAX 552 7661
E-mail ui@ui is WWW ui is

**f y r i r s p u r n**

**VARÐAR:** Bergstaðastrætisreitir – Reitur 1.184,0 – Spítalastígur 4B og 6B

Meðfylgjandi er tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Reit 1.184,0. Breytingin nær til lóðanna 4, 6, 4B og 6B. Lóðir þessar og eignir á þeim eru allar í eigu sama aðila - Bláastekks ehf - kt: 611209-0290. Breytingin er að ósk Bláastekks og verður unnin á þeirra kostnað.

Tillögur að deiliskipulagsbreytingum á þessum reit hafa áður verið lagðar fyrir Skipulagssvið og verið að hluta til hafnað. Leitast er við að koma til móts við álit sviðsins á útliti nýbyggingar á lóðum 4Bog 6B sem á sér stoð í hverfisverndarákvæðum skipulagslaga. Reynt er að brjóta upp nýbyggingu með inndregnum útveggjum og lækkuðu þaki við innganga og svalir þannig að stærðarhlutföll verða líkari húsi á aðliggjandi lóð - Grundarstíg 5B.

1. Lagt er til að kvöð um umferð á lóð Spítalastígs 4 að 4B verði lögð af. Þess í stað komi kvöð um umferð að Spítalastíg 4B á lóðamörkum Spítalastígs 4, 6, 4B og 6B.
2. Lagt er til að byggingarreitur 4B og 6B verði færður um 3,0m til vesturs. Með þessu er hægt að koma fyrir tveim bílastæðum austan byggingareitsins og gönguleið að lóð. Engin bílastæði eru við Spítalastíg nema þau þrjú sem hverfa þegar byggt verður við Spítalastíg 4. Fimm bílastæði sem nú eru á lóð 6 hverfa einnig. Það deiliskipulag sem nú gildir gerir ráð fyrir fjölgun íbúða á reitnum um hugsanlega sex með viðbyggingum. Bílastæðum fækkar hins vegar um átta. Eina aðkoman að íbúðum við Spítalastíg er umferðarleið við Spítalastíg 6. Með færslunni batna einnig birtuskilyrði og útsýni íbúða í vesturhelmingi reitsins.
3. Lagt er til að lóðamörk milli 4B og 6B verði færð samhliða færslu byggingarreits og liggi þvert um miðju reitsins. Við þessa færslu stækkar lóð 6B (301$m^2$ verður 353 $m^2$) á kostnað lóðar 4B (331$m^2$ verður 279 $m^2$).
4. Verkkaupi hefur áhuga á að hanna rýmið milli framhúsa og bakhúsa sem sameiginlegt svæði sem verði hellulagt með gróðureyjum og reiðhjólastæðum. Sérnotafletir verði framan við íbúðir á jarðhæð. Sameiginlegt sorpgerði fyrir umræddar lóðir verði við innkeyrslu frá Spítalastíg. Húsfélag verði stofnað sem heldur utan um viðhald þessa svæðis.
5. Í núverandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýbyggingu á lóð 4. Hún er skilgreind sem *”viðbygging”* við núverandi hús á lóðinni. Samkvæmt hugmyndum lóðareiganda er gert ráð fyrir að í nýbyggingu verði 4 litlar íbúðir með sameiginlegum inngangi frá Spítalastíg og ótengd núverandi húsi á lóðinni. Óskað er eftir áliti Skipulagssviðs á því hvort nýtt húsnúmer kalli á umfjöllun í breytingu á deiliskipulagi

Með fyrirfram þökk.

Fh. Úti og inni sf.
Baldur Ó. Svavarsson arkitekt FAÍ, SAMARK

# REYKJAVÍKURBORG, BERGSTAÐASTRÆTISREITIR

# REITUR 1.184.0




GILDANDI DEILISKIPULAG - SKUGGAVARP




TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI - SKUGGAVARP









Grundarstígur 5B
er notaður sem
viðmið í hlutföllum
og efnisvali
nýbyggingar



frá innkeyrslu



séð frá Bergstaðastræti



norðvesturhlið



suðausturhlið



séð frá Grundarstíg

SKÝRINGARMYNDIR

SPÍTALASTÍGUR 4,6,4B,6B REITUR 1.184.0

DEILISKIPULAGSBREYTING

| | |
|---|---|
| VERK: | 2203 Spít |
| KVARÐI: | - |
| DAGS: | 01.12.2022 |
| TEIKN: | BÓS / AL |
| SKRÁ: | Grunnur-dsk.dwg |

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

ÚTI INNI

ARKITEKTAR

ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 7660
NETFANG ui@ui.is
VEFFANG http://www.ui.is

BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FAÍ

JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FAÍ

A-002